

Móttakandi: Skipulags- og umhverfisnefnd
Málsaðili: Sunna ehf
Varðandi: 2409020 Minnisblað skipulagsfulltrúa
Dags.: 20. september 2024
Afrit: Elin Thor Creation ehf.

Efni: Samantekt vegna erindis Sunnu ehf. er varðar breytingar á mannvirki við Vetrarbraut 8-10

Formáli

Á 314. fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 12. september 2024 var tekið fyrir erindi Sunnu ehf. vegna fyrirhugaðra breytinga á húsnæði Seguls 67 við Vetrarbraut 8-10. Óskað var eftir umsögn skipulagsfulltrúa.

Sótt er um stækkun húsnæðisins til austurs og vesturs þar sem meðal annars er gert ráð fyrir baðstofu á þakhæð hússins.

Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 þar sem lóðin er á skilgreindu athafnasvæði. Fyrirhuguð uppbygging og atvinnustarfsemi samræmist landnotkun svæðisins að einhverju leyti en undirrituð leggur til að gerð verði óveruleg breyting á aðalskipulaginu og eftirfarandi setningu bætt við sérákvæði landnotkunarreitsins 216 AT: Verslun og þjónusta tengd bruggverksmiðju er leyfileg.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Þormóðseyrar frá 2013 m.s.br. Fyrirhuguð stækkun á húsnæðinu rúmast ekki innan nýtingarhlutfalls lóðar eða byggingarreits og kallar því á breytingu deiliskipulags. Breytinguna þarf að afgreiða í samræmi við 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mynd 1, Vetrarbraut 8-10 í deiliskipulagi Þormóðseyrar



Virðingarfyllst.,


Iris Stefánsdóttir
Skipulagsfulltrúi


Fjallabyggð
Skipulagsfulltrúi